



Við óskum félögum okkar og fjölskyldum þeirra farsældar á nýju ári og þökkum fyrir árið sem er að líða.

Dagskrá afmælisársins:

Laugardagur 12. janúar:
„Snorradagur“

Laugardagur í mars:
Einar Gylfi Jónsson,
sálfræðingur

Laugardagur 5. október
Ráðstefna um Parkinson

Þriðjudagur 3. desember:

AFMÆLISFAGNAÐUR



30 ára afmælisár PSÍ

SNORRADAGURINN

Gildi hreyfingar og næringar

Fyrsti fundur á afmælisárinu
verður laugardaginn
12. janúar 2013 kl. 13:00
í Félagshéimili Sjálfsbjargar
á höfuðborgarsvæðinu,
Hátúni 12 (sama hús og sundlaugin).
(húsið opnar kl. 12:30)



Gestir fundarins verða:

Andri Þór Sigurgeirsson,
sjúkraþjálfari á Reykjalundi

Ólöf Guðný Geirsdóttir,
næringarfræðingur og lektor við HÍ

Margrét Þórisdóttir og
Jóna Þorsteinsdóttir,
sjúkraþjálfarar hjá Æfingastöðinni

Ingibjörg Pétursdóttir,
iðjuþjálfari

Snorri Már Snorrason,
umbúðahönnuður og fyrrv. form.PSÍ, segir
frá "Skemmtiferðinni" í máli og myndum

Anna Rósa Bjarnadóttir,
hárgreiðslumeistari og fyrrv. varaform.PSÍ
verður fundarstjóri

Átt þú inni endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu?

Næstu vikuna munu Sjúkra-tryggingar Íslands (SÍ) setja auglýsingar í loftið undir yfir-skriftinni "Átt þú inni endurgreiðslu vegna heilbrigðisþjónustu" og "Átt þú von á lyfjaskirteini", þar sem stofnunin mun kynna annars vegar ósóttar endurgreiðslur og hins vegar afgreiðslu lyfjaskirteinis.

Ósóttar endurgreiðslur

Um það bil 19.000 einstaklingar eiga nú inni endurgreiðslu hjá SÍ vsökum þess að stofnunin hefur ekki undir höndum bankareikningsnúmer þeirra. Ástæðuna má rekja að einhverju leyti til rafvæðingar af-sláttarkortakerfisins. Í dag þurfa einstaklingar síður að skila pappírsgreiðslu/kvittunum til að sækja endurgreiðslu

hjá SÍ og skrá þar afleiðandi ekki alltaf upplýsingar um bankareikninga hjá stofnuninni. SÍ hvetur því einstaklinga til að kanna stöðu sína í Réttindagátt (mínar síður) á www.sjukra.is. Inni í gáttinni má kanna mögulega inneign undir flokknum „Viðskiptastaða mín“. Ef inneign er til staðar er hægt að skrá bankareikning sinn í gáttinni undir „Mínar stillingar“ en einnig hvetjum við fólk til að skrá netfang sitt því SÍ sendir tilkynningu á skráð netföng þegar réttindi myndast.

Á eftirfarandi slóðum á vefsíðu SÍ má finna frekari upplýsingar:

<http://www.sjukra.is/stodflokkar/forsidubanner/nr/452>

<http://www.sjukra.is/lyf-og-hjalpar-taeki/lyf/lyfjaskirteini/>



Höfðingleg gjöf

Maður sem ekki vill láta nafn síns getið kom færandi hendi og afhenti Parkinsonsamtökunum 500.000 kr. að gjöf.

Það er ómetanlegt að eiga slíkan velgjörðarmann að, sem sýnir samtökum okkar þennan hlýhug og örlæti.

Við þökkum velgjörðarmanni okkar fyrir höfðinglega gjöf, sem á án efa eftir að koma samtökum okkar að góðum notum.



Af sömu kindinni ... !!

Kona ein keypti hangikjötsrúllu fyrir jólin. Þegar hún var búin að sjóða hangikjötið kom í ljós að það hafði rýrnað mjög mikið. Hangikjötsrúllan var bara orðin óttalega lítil og ræfilsleg.

Hún fór í búðina og kvartaði. Afgreiðslumaðurinn sem afgreiddi hana sagðist líka hafa lent illa í því. Hann átti þessa finu lopapeysi svo var hún orðin svo óhræin að hann þvoði hana á suðupvotti. Þá hljóp hún svo svakalega að hún varð bara pínulítill svo strákurinn hans gat ekki einu sinni notað hana. Síðan bætti hann við:

"Þetta er ábyggilega af sömu kindinni."

Jafningja- stuðningurinn

byrjar á nýja árinu
í kaffistofnu
í Hátúni 10b.

Fyrsti fundur
miðvikudaginn 16. jan.
kl. 16:30.

Næstu fundir:
30.01., 13.02., 27.02, 13.03.,
27.03, 10.04, 24.04., 08.05., 22.05

Línudansinn
hefst þriðjudaginn 22. jan.
kl. 18:45, í Danshöllinni
Drafnarfelli 2, 111 R. Allir
velkomnir meðan húsrúm leyfir.
Nýárskveðja frá Páli og Sigrúnu -
tilbúin í línudansinn. Skráning
hjá Hrönn í gsm 862 5201.

Vorferðin
verður laugardaginn
1. júní (nánar síðar).

Pallurinn – Skjálftinn
fimmtudaginn 13. júní

*skopskynið
ætti að
eiga heima
í hverjum
sjúkrakassa*

Karl Wilson (1907-1987)
bandarískur blaðamaður

Jólafundurinn 2012

Jólafundur PSÍ var haldinn á Grand Hótelu laugardaginn 1. desember sl. Píanóleikur Hrafns Pálssonar hljómaði í salnum er gestir komu á staðinn.

Fundurinn hófst kl. 12:30 með því að Guðrún Jónsdóttir varaformaður ávarpaði samkomugesti og bauð alla velkomna á hátíðina.

Þá hófst borðhaldið, en á matseðlinum var kalkúnasteik með tilheyrandi meðlæti og dessert.

Næst steig Ingibjörg Pétursdóttir

í pontu og fór með gamanmál, eins og henni er einni lagið, og var mikið hlegið. Hlaut hún mikið klapp og hlátur fyrir.

Guðmundur Magnússon rifjaði upp skemmtileg minningabrot, sem vakti gleði viðstaddra

Sr. Bjarni Þór Bjarnason flutti jólahugvekju og að lokum sungu allir jólasálminn Heims um ból.

Góð þátttaka var á fundinum, og mikil og góð jólastemning ríkti.



Ljós.: Stefán Valur Pálsson

Stjórn PSÍ 2012-2013:

Form: Hrafnhildur B. Sigurðardóttir
sími 820 7691

Varaform: Guðrún Jónsdóttir
sími 848 1522

Gjaldkeri: Guðrún Þóra Garðarsdóttir
sími 691 2643

Ritari: Ólöf Ragnarsdóttir
Sími: 820 4588

Meðstj.: Steingrímur Lillindahl
sími 865 6292
Hafsteinn Jóhannesson
Sími 894 1228

Starfsmaður: Hrönn Ágústsdóttir
Sími: 862 5201

